

205

31. des.

AUGLÝSING

um breyting á reglum frá 2. september 1941, um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum.

1. gr.

4. töluliður 3. gr. reglnanna orðist þannig:

Kassarnir á flekanum skulu þannig gerðir, að þeir komi að fullum notum, hvor hlið flekans sem upp snýr. Skipaskoðunarstjóri ákveður, í samráði við skipstjóra, stað fyrir björgunarfleka á skipinu og hvernig þeim skuli komið fyrir á því. Flekarnir skulu vera á rennibrautum, þar sem því verður við komið.

2. gr.

Aftan við 1. málsg. 8. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skipaefirlit ríkisins skal hafa stöðugt eftirlit með því, að fyrirmælum þessara reglna sé framfylgt til hins ýtrasta og má ekkert skip láta úr höfn til útlanda, nema vottorð skipaskoðunar ríkisins sé fyrir hendi um að öll björgunartæki séu í lagi.

3. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. desember 1942.

Vilhjálmur Þór.

Vígfús Einarsson.

206

31. des.

AUGLÝSING

um breyting á reglum um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar, nr. 222 21. febrúar 1939.

1. gr.

Iðgjald til iðntryggingarinnar skulu frá 1. jan. 1943 hækka um 170% frá því, sem þau voru ákveðin í reglum nr. 222 21. febrúar 1939.

2. gr.

Iðgjöld til sjómannatryggingarinnar samkvæmt 7., 8. og 9. áhættuflokki skulu vera kr. 6.00 fyrir hvern mann á viku frá og með 1. janúar 1943. Auk þess skal krafist sérstakt aukaiðgjald, kr. 100.00, fyrir hvern sjómann á skipum, er sigla milli landa, fyrir hverja ferð.

Iðgjöld kafara og manna, sem stunda sjófuglaveiðar, skulu vera kr. 8.10 á viku frá 1. janúar 1943.